

Fundargerð

30. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 14. desember 2018 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Trausti Baldursson (TB), Jóhannes Guðbrandsson (JG) (varamaður Leó Alexanders Guðmundssonar), Sæmundur Sveinsson (SS), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Þorvaldur Kristjánsson (ÞK).
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 29. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

- Fjögur verkefni fengu styrk frá EL. Fyrri hluti styrkja var greiddur út í byrjun júní alls kr. 1.837.500
- Búið er að setja upp heimasíðu á ensku.
- Staða verkefna sem styrkt voru 2017 var kynnt. Eigenda- og ræktendafélag landnámsþensna (ERL) fékk styrk til að gera námsefni og halda námskeið. Haldið var námskeið í október sem var vel sótt og eru uppi áætlanir um að halda annað námskeið á næsta ári. Búnaðarsamband Suðurlands (BSSL) fékk styrk til að frysta hrútasæði til langtíma geymslu og hefur fengið lokagreiðslu styrks greitt. Fræðafélag um forystufé fékk styrk til að arfgerðargreina forystufé með tilliti til riðuarfgerða. Búið að greina ær og hrúta og lokaskýrsla væntanleg fljótlega. Verkefni um erfðamengi íslenska geitastofnsins er enn í vinnslu og ekki komnar niðurstöður.
- BKB fór á aðalfund ERFP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources) í Zagreb í Króatíu í ágúst.
- Fundur Nordgen húsdýrahóps var haldin á Íslandi 13.-14. september og EE og BKB sáu um skipulagningu og undirbúning. Nordgen hélt upp á 10 ára afmæli í september.
- Unnið að gerð nýrrar landsáætlunar erfðanefndar landbúnaðarins um varðveislu erfðaaudlinda í landbúnaði 2019 - 2022.
- Geitfjárræktarfélag Íslands (GFFÍ) hefur tekið á leigu húsnæði undir sæðingastöð í Þórulág á Hvanneyri. LbhÍ styrkir GFFÍ með húsaleigustyrk og vill með því leggja sitt af mörkum við að styðja við íslenska geitastofninn.
- Matarauður Íslands hefur stutt verkefni um kjötmat (EUROP) fyrir geitakjöt í samstarfi við GFFÍ og Matís. Verkefnið snýr að aðlögun kjötmatsreglna fyrir sauðfé að geitfé. Auk þess er Matís að vinna að verkefni um aukið virði og sérstöðu geitfjárafurða sem styrkt er af Framleiðnisjóði landbúnaðarins.
- Forystufé hefur verið skilgreint sem sérstakur stofn af Bændasamtökum Íslands og fagráði í sauðfjárrækt. Unnið er að söfnun upplýsinga um ætterni forystufjár sem ekki hefur verið skýrslufært og Erfðalindasetur LbhÍ mun sjá um skráningu þeirra.

4. Rekstur 2018 og áætlun fyrir 2019

Erfðanefnd landbúnaðarins 2018 (Rekstraryfirlit 1. janúar - 31. desember 2018)

| | |
|---|-------------------|
| Tekjur: | |
| Óráðstafað eigið fé 31.12.2017 | 2.933.622 |
| Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR | 7.000.000 |
| Endurgreiðsla frá ERFPP v/fundar <i>in situ</i> vinnuhóps | 96.774 |
| Samtals | 10.030.396 |
| Gjöld: | |
| LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri | 3.226.000 |
| BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrindra og feldfjár | 130.000 |
| Styrkir 2018 fyrri hluti | 1.837.500 |
| Eftirstöðvar styrkja 2017 | |
| BSSL v/genbanki fyrir sæðingahrúta | 100.000 |
| Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið | 68.615 |
| ERFP árgjald (800 evrur) | 99.526 |
| ERFP fundur <i>in situ</i> (BKB) | 104.994 |
| Aðalfundur ERFPP (BKB) | 173.733 |
| NP fundur v/ plöntur (SS) | 168.127 |
| Málþing v/erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna* | 407.168 |
| Samtals | 6.315.663 |
| Óráðstafað 31.12.2018, flutt til næsta árs | 3.714.733 |

*** Málþing v/erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna:**

| | |
|---|----------------|
| Auglýsing Fréttablaðið | 105.049 |
| Veitingar og rekstravörur | 33.368 |
| Gisting Kevin Glover | 39.297 |
| Flug Fletcher Warren Myers | 176.940 |
| Flug Kevin Glover (Nkr. 3510) ógreitt | 45.000 |
| Aðstoð v/upptöku fyrirlestra | 7.514 |
| Samtals kostnaður vegna málþings | 407.168 |

Drög að áætlun fyrir 2019
Tekjur:

| | |
|--|-------------------|
| Óráðstafað eigið fé 31.12.2018 | 3.714.733 |
| Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR | 7.000.000 |
| Samtals | 10.714.733 |

Gjöld:

| | |
|--|------------------|
| LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri | 3.226.000 |
| Isnic lén www.agrogen.is | 5.980 |
| BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrndra og feldfjár | 130.000 |
| Styrkir* | 4.000.000 |
| Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið | 70.000 |
| ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur) | 120.000 |
| ERFP fundur | 300.000 |
| Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017 | 452.500 |
| Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018 | 612.500 |
| Samtals | 8.916.980 |

Eigið fé:

| | |
|---|------------------|
| Óráðstafað eigið fé 01.01.2019 | 3.714.733 |
| Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019 | - 1.916.980 |
| Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2019 | 1.797.753 |

*Ákveðið var að hækka upphæð styrkja úr 3 millj. í 4 millj. fyrir árið 2019 og að hámarks upphæð verkefnastyrkja verði 900 þús.

5. Önnur mál

- Magnus Göranson fulltrúi Íslands í Nordgen vinnuhópi fyrir korn kom á fundinn. Sagði hann frá gagnagrunni „Green Global“ fyrir fræ- og klónasöfn sem öll Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin hafa ákveðið að eigi að koma í stað SESTO, sem er orðinn úreltur.
- EE sagði fréttir af Nordgen og sagði m.a. frá því að til standi að endurnýja húsnæði í Alnarp þar sem það væri orðið lélegt og stæðist ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag. Mikil vinna er framundan við endurnýjun fræsafna hjá Nordgen. Málþing um nýtingu erfðamengjaúrvals í tengslum við verndun búfjárstofna var haldið í Finnlandi í nóvember og var vel sótt.
- BKB sagði frá aðalfundi ERFP sem haldinn var í ágúst. Skrifstofa samtakanna hefur verið flutt frá Slóveníu til Frakklands og verður þar næstu þrjú árin. Samstarfsnet um erfðaaudlindir í Evrópu fyrir húsdýr (ERFP), plöntur (ECPGR) og skóg (EUFORGEN) hafa fengið verkefnisstyrk (Horizon 2020) til að vinna að sameiginlegum verkefnum varðandi varðveislu erfðaaudlinda og fæðuöryggi
- Rætt var um viðburði til að vekja athygli á málefnum tengdum varðveislu erfðaaudlinda í landbúnaði.
- BH sagði frá því að fagráðstefna skógræktarinnar 2019 verði haldin á Hallormsstað í apríl.
- SS sagði frá skipun í vinnuhópa fyrir plöntur hjá Nordgen. Magnus Göranson (Korn), Guðni Þorvaldsson og Þórey Gylfadóttir (Fóðurplöntur), Helgi Jóhannesson og Christina Stadler (Grænmeti og kartöflur) og Samson B. Harðarson (Krydd og skrautjurtir).

6. Næsti fundur

- Næsti fundur verður haldinn vorið 2019